



Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Ríkisendurskoðun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019

Desember 2020



Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi sjóðsins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu sem rekja má til Covid-19 fór gagna- og

upplýsingaöflun vegna endurskoðunar ársins 2019 eingöngu fram í gegnum fjarfundí og með rafrænum hætti.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glöggja mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Skýrsla vegna endurskoðunar á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða var síðast send út 2017 vegna ársins 2016.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1 Ábendingar og athugasemdir	4
2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	5
2.1 Viðbrögð vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.....	5
3 Fjárveiting og rekstur	6
3.1 Fjárveitingar.....	6
3.2 Rekstraráætlun	6
3.3 Niðurstöður/ábendingar	7
4 Innra eftirlit	8
4.1 Inngangur.....	8
4.2 Umfjöllun.....	8
4.3 Niðurstöður/ábendingar	9
5 Fylgni við lög og reglur.....	10
5.1 Inngangur.....	10
5.2 Umfjöllun.....	10
5.3 Niðurstöður	10
6 Endurskoðun rekstrarliða.....	11
6.1 Rekstrartekjur.....	11
6.2 Rekstrargjöld	11
6.3 Niðurstöður/ábendingar	12
7 Endurskoðun efnahagsliða	13
7.1 Eignir	13
7.2 Eigið fé og skuldir	13
7.3 Niðurstöður/ábendingar	14
8 Önnur atriði	15
8.1 Samþykkt ársreiknings	15
8.2 Staðfestingarbréf stjórnenda.....	15
8.3 Lögfræðibréf.....	15
8.4 Óhæðisyfirlýsing	15

1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum:

1 Fjárveitingar

1

Leiðréttu þarf mismun sem er á fjárveitingum í fjárheimildakerfi og höfuðstólsreikningi í fjárhagsbókhaldi. Staða á höfuðstólsreikningi sjóðsins er um 130,3 m.kr. of há miðað við stöðu í fjárheimildakerfi í árslok 2019.

2

Bankareikningur

Taka þarf til skoðunar hvort þörf er á sérstökum bankareikningi í ljósi þess að sjóðurinn nýtir greiðsluþjónustu Fjársýslu ríkisins.

2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

2.1 Viðbrögð vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Ferðamálastofu vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru í þessari skýrslu um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir árið 2019, sjá kafla 1.

1. Fjárveitingar

„Ferðamálastofa hefur verið í sambandi við ANR vegna þessa en í raun er það Fjársýlunnar að gera þessa leiðréttingu. Ferðamálastofa hafði samband við Fjársýluna vegna þessa atriðis á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýlunni ætlaði hún að skoða málið og hafa samband við Ferðamálastofu. Ferðamálastofu er ekki kunnugt um framvindu/niðurstöðu málsins.“

2. Bankareikningar

„Ferðamálastofa telur ekki vera þörf á að hafa opinn reikning og verður honum lokað.“

Einnig var ábending í skýrslunni, þó hún hafi ekki birst í meginniðurstöðukafla hennar, um að tryggja þurfi að rekstraráætlun sjóðsins skili sér með réttum hætti úr AKRA áætlunarkerfinu í Orra. Samkvæmt upplýsingum Ferðamálastofu er málið í vinnslu milli Ferðamálastofu, ANR og Fjársýlunnar.

3 Fjárveiting og rekstur

3.1 Fjárveitingar

3.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting¹ til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða samkvæmt fylgiriti fjárlaga ársins 2019 nam 544,0 m.kr. en 19,6 m.kr eru vegna rekstrarframлага og 524,4 m.kr. eru vegna fjármagnstilfærslna og voru það endanlegar fjárveitingar ársins 2019.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2019 og 2018:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Rekstrartekjur	0	0	0	-16
Launagjöld	4.100	1.779	2.321	2.801
Rekstrargjöld	15.500	7.500	8.000	15.285
Fjármagnstilfærslur	524.400	463.926	60.474	640.651
Samtals	544.000	473.205	70.795	658.721

Rekstrargjöld að meðtöldum fjármagnstilfærslum fjárlagaliðarins námu 473,2 m.kr. eða 70,8 m.kr. lægri en fjárveiting ársins. Launagjöld lækka um 1,0 m.kr. og rekstrargjöld lækka um 7,8 m.kr. frá fyrra ári sem kemur til vegna þess að ógreiddur var seinni hluti þjónustusamnings við Ferðamálastofu. Helsta breyting á rekstrarliðum frá fyrra ári er lækkun fjármagnstilfærslna sem nemur 176,7 m.kr.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til gerðar rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Samkvæmt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var rekstraráætlun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skráð í nýtt kerfi AKRA fyrir fjárhagsárið 2019 og voru gjöld og framlög stemmd af þannig að fjárveiting kæmi á móti gjöldum. Niðurstaða rekstraráætlunar í Orra sýnir hins vegar 575,8 m.kr. rekstrarhalla sem skýrist af röngum innlestri gagna úr AKRA inn í Orra. Tekjuafgangur fyrir fjárhagsárið 2019 var 70,8 m.kr.

¹ Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárhheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. (En fjárhheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í

fjárlögum og fjáraukalögum til ráðstöfunar á opinberu fé til málaefnasviðs og málaflokka).

3.3 Niðurstöður/ábendingar

Tekjuafgangur ársins 2019 nam 70,8 m.kr. sem kemur til hækkunar á höfuðstól. Eftifarandi athugasemd er gerð vegna skráningar á rekstraráætlunum í Orra:

Rekstraráætlun er ekki rétt skráð í Orra en rekstraráætlunin er skráð í AKRA áætlanakerfið og flutt þaðan í Orra. Skoða þarf innlestur úr AKRA áætlunarkerfisini í Orra þannig að tryggt sé að rekstraráætlun skili sér með réttum hætti í Orra og hægt sé að nota hana við samanburð á áætlun og raunútgjöldum innan ársins.



4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður Ferðamálastofu ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Sjóðurinn er í vörlu Ferðamálastofu sem annast rekstur hans. Undirritaður hefur verið samningur um umsýslu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Ferðamálastofu.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er að veita styrki til uppbyggingar, viðhalds og verndunar ferðamannastaða um land allt og til aðgerða sem stuðla að öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr á lagi á fjölsóttu ferðamannastaði

Sjóðurinn heyrir undir stjórnsýslu- og umhverfissvið Ferðamálastofu en hlutverk Ferðamálastofu er:

1. Að skipuleggja starfsemi sjóðsins og annast rekstur hans.

2. Að þjónusta stjórн sjóðsins vegna tillagnagerðar til ráðherra: a. Undirbúa og boða til funda í stjórн sjóðsins og rita fundargerðir í samráði við formann. b. Annast kynningu á sjóðnum, útbúa kynningarefni og upplýsingar um starfsemi hans, úthlutunarstefnu, áherslur, fresti og skilyrði og birta auglýsingar eftir umsóknum. c. Sjá um móttöku umsókna og að faglegt mat á umsóknum fari fram.
3. Að annast afgreiðslu styrkja, samningagerð við styrkþega og eftirfylgni styrkúthlutana.
4. Að meta framvindu- og lokaskýrslur og efndir samninga.
5. Að sjá um verkefnabókhald, gerð ársreikninga og tilheyrandi reikningshald í samvinnu við ráðuneytið.

Ferðamálastofa hefur eftirlit með framvindu verkefna og bregst við ef verulegar breytingar verða vegna einstakra verkefna.

4.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis vegna fjárlagaliðar 04-555 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla. Við endurskoðun var úrtak fylgiskjala, samninga og skráningu afgreiðslu skoðað og var ekki annað séð en að farið væri eftir verkferlum, skráningu og skjölun gagna. Reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Starfsemi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fellur undir skipurit Ferðamálastofu og er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

4.2.1 Úthlutun styrkja

Frá árinu 2012 hefur Framkvæmdasjóður ferðamannastaða úthlutað styrkjum til verkefna til uppbyggingar ferðamannastaða. Ráðherra tekur ákvörðun um einstakar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á grundvelli tillagna stjórnar. Ferðamannastaðir sem hljóta styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skulu vera opnir gjaldfrjálsri umferð almennings.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er fjallað um styrkhæf verkefni. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 75/2011 skal sjóðurinn veita fjármagni til: a. Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila, b. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila og c. Undirbúnings- og hönnunarvinnu vegna verkefna sem eru styrkhæf samkvæmt a- eða b lið.

Ofangreind reglugerð var sett þann 1. september árið 2017 og þar með hætti Framkvæmdasjóður ferðamannastaða að veita styrki til ríkisstofnana í A-hluta en sjóðurinn hafði samkvæmt 5. gr. í brottafallinni reglugerð nr. 20/2016 veitt fjármagn til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.

Árlega hefur verið auglýst eftir umsóknum og hafa umsækjendur sótt um rafrænt. Við mat á umsóknum hafa þeim verið gefnar einkunnir á grundvelli gæðaviðmiða sem birt eru á heimasíðu Ferðamálastofu á umsóknartíma. Ferðamálastofa hefur lagt umsóknir fyrir stjórn sjóðsins og hefur stjórnin í framhaldi af því gert tillögur til ráðherra um samþykki eða synjun umsókna. Ráðherra hefur tekið ákvörðun um einstakar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á grundvelli tillagna stjórnar. Ákvarðanir ráðherra hafa verið sendar með rafrænum hætti til Ferðamálastofu sem séð hefur um

framkvæmd úthlutana. Upplýsingar um úthlutanir eru birtar á heimasíðu Ferðamálastofu.

4.2.2 Samningar

Þegar úthlutun hefur átt sér stað sér Ferðamálastofa um gerð samninga milli Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og styrkþega. Hafi samningur ekki borist innan ákveðins frests fellur styrkurinn niður. Í samningunum koma fram lýsingar á verkefninu, fjárhæð styrks og ákvæði um að mótfamlag styrkþega nemí að jafnaði 20%. Við undirritun samnings hefur 30% af veittum styrk verið greiddur til styrkþega. Styrkþega er heimilt að skila inn framvinduskýrslu sem lýsir a.m.k. hálfnuðu verki og greiðist þá 30% af styrkfjárhæðinni við samþykkt hennar. Lokagreiðsla 40% af styrkfjárhæðinni eða 70% hafi styrkþegi kosið að skila ekki inn framvinduskýrslu, er greidd þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og hún samþykkt.

Ef styrkfjárhæð er lægri en 6 m.kr. eða verktími styttri en 4 mánuðir greiðist styrkur út í tveimur greiðslum. Við undirritun samnings greiðist 30% af styrkfjárhæð og 70% greiðsast þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og hún samþykkt.

Styrkþegi skal skila lokasýslu þegar verkefni er að fullu lokið og er þá miðað við tilsettan tíma. Berist lokaskýrsla ekki innan tímamarka er heimilt að fella styrkinn niður.

4.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun á virkni innra eftirlits Ferðamálastofu vegna fjárlagaliðarins er án ábendinga.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við endurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárveitingar og rekstraráætlun í kafla 3.

5.2 Umfjöllun

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 75/2011 og reglugerð um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 782/2017 með síðari breytingum og er í vörsu og umsjón Ferðamálastofu samkvæmt lögum um Ferðamálastofu nr. 96/2018.

Markmið og hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt. Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölgja viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

Ráðherra skipar fjóra fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skal árlega gera tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum. Tillögur stjórnar skulu rúmast innan hlutverks sjóðsins. Við vinnslu tillagna skal stjórn sjóðsins auglýsa eftir umsóknum úr sjóðnum. Ráðherra tekur ákvörðun um einstakar úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á grundvelli tillagna stjórnar. Sjóðurinn fær árlega framlag úr ríkissjóði sem ákveðið er í fjárlögum.

Sjóðurinn er í vörsu Ferðamálastofu, sem annast rekstur sjóðsins þ.m.t. framkvæmd úthlutana úr sjóðnum, uppgjör, bókhald og gerð ársreikninga. Við úthlutanir úr sjóðnum skulu framlög greidd til verkefna eftir framgangi þeirra. Ferðamálastofa skal einu sinni á ári skila ráðuneytinu skýrslu um stöðu sjóðsins ásamt yfirliti yfir styrkþega, veitta styrki og stöðu verkefna. Í skýrslunni skal einnig fjallað um árangur af starfi sjóðsins og mat á framtíðarhorfum verkefna.

Ferðamálastofa skilaði yfirlitsskýrslu árið 2020 fyrir árin 2012 til 2020 um stöðu og þróun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða ásamt yfirliti yfir styrkþega, veitta styrki og stöðu verkefna. Í skýrslunni var einnig fjallað um árangur af starfi sjóðsins og mat á framtíðahorfum verkefna.

Fylgniendurskoðun er ætlað að varpa ljósi á hvort lögum og reglum sé fylgt, að þau hafi þau áhrif sem stefnt var að og ef ekki hvaða úrbætur eru nauðsynlegar.

Við endurskoðunina voru sérstaklega kannaðir verkferlar og innra eftirlit sem viðhaft var hjá sjóðnum og skoðaðar fundargerðir stjórnar.

5.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fylgi almennt lögum og reglum sem gilda um sjóðinn, fjáreiður og bókhald.

6 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2019

Í þús. kr.	2019	2018	Breyting
Tekjur			
Aðrar fjármunatekjur	0	16	-16
Alls tekjur	0	16	-16
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	1.779	2.801	-1.022
Annar rekstrarkostnaður	0	285	-285
Aðkeypt þjónusta	7.500	15.000	-7.500
Til ríkisstofnana A-hluta	-13.780	-6.779	-7.001
Til sveitarfélaga	269.340	492.440	-223.100
Til fyrirtækja og atvinnuvega	136.727	107.379	29.348
Til einstaklinga, samtaka og heimila	71.639	47.611	24.028
Alls gjöld	473.205	658.737	-185.532
Framlag ríkissjóðs	544.000	764.400	220.400
Tekjur umfram gjöld	70.795	105.663	-34.868

Niðurstaða rekstrarreiknings árið 2019 nam 70,8 m.kr. samanborið við 105,7 m.kr. árið áður eða 34,9 m.kr. minni afgangur. Rekstrargjöld námu 473,2 m.kr. og lækkuðu um 185,5 m.kr. frá fyrra ári eins og kemur fram í töflu 2.

6.1 Rekstrartekjur

Aðrar fjármunatekjur 16 þús. kr. frá fyrra ári eru vegna leiðréttингar.

6.2 Rekstrargjöld

6.2.1 Launagjöld

Laun og launatengd gjöld eru vegna nefndarstarfa stjórnar framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða og námu 1,8 m.kr. og lækkuðu um 1 m.kr. frá fyrra ári.

6.2.2 Aðkeypt þjónusta

Samningsbundnar greiðslur til Ferðamálastofu vegna umsýslu framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða. Samningur kveður á um 15 m.kr. árlega greiðslu sem fer fram í tvennu lagi. Seinni greiðsla vegna 2019 7,5 m.kr. var greidd og gjaldfærð á árinu 2020. Gjaldfæra hefði átt útgjöldin í samræmi við samning á rekstrarárinu 2019.

6.2.3 Til ríkisstofnana A-hluta

Eftirstöðvar styrkja að upphæð 13,8 m.kr. til ríkisstofnana voru felldar niður, þar af er styrkur til Umhverfisstofnunar að upphæð 13,4 m.kr.

6.2.4 Til sveitarfélaga

Styrkir að upphæð 269,3 m.kr. til sveitarfélaga vegna uppbyggingu, viðhalds og verndun ferðamannastaða. Hæstu styrkir voru veittir til Sveitarfélagsins Ölfuss 42,7 m.kr, Akraneskaupstaðar 35,0 m.kr. og Bolungarvíkurkaupstaðar 27,0 m.kr. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og rýni samninga og fylgigagna og var án athugasemda.



6.2.5 Til fyrirtækja og atvinnuvega

Styrkir að upphæð 136,7 m.kr. til fyrirtækja og atvinnuvega vegna uppbyggingu, viðhalds og verndunar ferðamannastaða. Styrkir á árinu 2019 voru til níu aðila. Hæstu styrkir voru til Sannra Landvætta ehf. 32,2 m.kr. Hveradala ehf. 29,9 m.kr.. og Jökuldals ehf. 26,2 m.kr. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og rýni samninga og fylgigagna og var án athugasemda.

6.2.6 Til einstaklinga, samtaka og heimila

Styrkir að upphæð 71,6 m.kr. til einstaklinga, samtaka og heimila vegna uppbyggingu, viðhalds og verndunar ferðamannastaða. Styrkir á árinu 2019 voru veittir til tíu félagasamtaka þar á meðal til Ferðafélags Íslands 18,0 m.kr. og Skógræktarfélags Íslands 17,4 m.kr. Styrkir til einstaklinga námu samtals 21,4 m.kr. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og rýni samninga og fylgigagna og var án athugasemda.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Almennt er vel haldið utan um gögn, verkferlum fylgt og skýrar lýsingar í færslum auk þess sem viðeigandi gögn s.s. samningar eru færð með færslum. Endurskoðun rekstrarliða er án athugasemda.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Í þús. kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
Eignir			
Ríkissjóður	1.238.172	1.369.399	-131.227
Handbært fé	2.440	875	1.565
Eignir alls	1.240.612	1.370.274	-129.662
Eigið fé og skuldir			
Höfuðstóll	369.720	298.925	70.795
Tengdir aðilar	201.843	413.974	-212.131
Viðskiptaskuldir	9.600	0	9.600
Ýmsar skammtímaskuldir	659.450	657.376	2.074
Eigið fé og skuldir alls	1.240.613	1.370.275	-129.662

Í árslok 2019 námu eignir 1.240,6 m.kr., skuldir námu 870,9 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 369,7 m.kr.

7.1 Eignir

7.1.1 Ríkissjóður

Staða gagnvart ríkissjóði nam 1.238,2 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 1.369,4 m.kr. í árslok 2018.

7.1.2 Handbært fé

Handbært fé nam 2,4 m.kr. á árslok 2019 samanborið við 0,9 m.kr. í árslok 2018. Ríkisendurskoðun sendi beiðni til fjögurra bankastofnana um staðfest yfirlit um viðskipti við Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og bárust svör við því. Bókhaldi bar saman við staðfest yfirlit frá bankastofnunum á árslok 2019. Taka þarf til skoðunar hvort þörf er á sérstökum bankareikningi í ljósi þess að sjóðurinn nýtir greiðsluþjónustu Fjársýslu ríkisins.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Eigið fé fjárlagaliðarins nam 369,7 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 298,9 m.kr. á fyrra ári. Hækkan höfuðstóls nemur 70,8 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2019. Ekki hefur verið gerð leiðréttung í fjárhagsbókhaldi vegna mistaka sem gerð voru við staðfestingu Alþingis á ríkisreikningi fyrir árið 2017 þar sem ónýttar fjárveitingar voru hækkaðar um 130,3 m.kr. en fyrir mistök var talið að um 130,3 m.kr. rekstrarhalla væri að ræða í árslok 2016 en í rauninni nam uppsafnaður tekjuafgangur sjóðsins í lok árs 2016 130,3 m.kr. Leiðréttung hefur verið gerð í fjárhheimildakerfi og fjárveitingar lækkaðar sem þessu nemur.

7.2.2 Tengdir aðilar

Staða vegna tengdra aðila nam 2018 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 414,0 m.kr. í árlok 2018. Um er að ræða útistandandi styrkveitingar fjárlagaliðarins til ríkisstofnana í A-hluta. Eins og kemur fram í kafla 4.2.1. hætti Framkvæmdasjóður ferðamannastaða að veita styrki til ríkisstofnana í A-hluta með reglugerð nr. 782/2017 þann 1. september 2017. Útistandandi styrkveitingar voru því veittar fyrir þann tíma sem ný reglugerð tók gildi þann 1. september 2017.

7.2.3 Viðskiptaskuldir



Viðskiptaskuldur námu 9,6 m.kr. í árslok 2019. Um er að ræða útistandandi styrk til Into the Glacier vegna varanlegrar salernisaðstöðu á Geitlandi sem var greiddur í ársþyrjun 2020.

7.2.4 Ýmsar skammtímaskuldur

Ýmsar skammtímaskuldur námu 659,5 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 657,4 m.kr. í árslok 2018. Um er að ræða útistandandi styrktar loforð til sveitarfélaga 507,7 m.kr., fyrirtækja og atvinnuvega 116,1 m.kr., einstaklinga og samtaka 35,7 m.kr.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Taka þarf til skoðunar hvort þörf er á sérstökum bankareikningi í ljósi þess að sjóðurinn nýtir greiðsluþjónustu Fjársýslu ríkisins.

Leiðréttu þarf mismun sem er á fjárveitingum í fjárhheimildakerfi og höfuðstólsreikningi í fjárhagsbókhaldi. Ekki hefur verið gerð leiðréttung á höfuðstól í fjárhagsbókhaldi vegna mistaka sem gerð voru við staðfestingu Alþingis á ríkisreikningi þar sem fjárhheimildir voru hækkaðar fyrir mistök um 130,3 m.kr. Staða á höfuðstólsreikningi sjóðsins er því um 130,3 m.kr. of há miðað við stöðu í fjárhheimildakerfi í árslok 2019.

8 Önnur atriði

8.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var samþykktur af ferðamálastjóra 13. október 2020.

8.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til Ferðamálastofu af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af ferðamálastjóra 13. október 2020.

8.3 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi sjóðsins árið 2019 og samkvæmt upplýsingum

í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi sjóðinn.

8.4 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.





Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is